



Fjölbrautaskóli Suðurlands

FÉLA3AB05 - Afbrotafræði

Vorönn 2024

Kennari:	Björgvin G. Sigurðsson. bjorgvin.g.sigurdsson@fsu.is
----------	---

Einingafjöldi: 5

Prep: 3

Forkröfur: Félagsgreinaáfangi á 2. þrepi

Afbrotafræði er ein af undirgreinum félagsfræðinnar og styðst við aðferðir félagsvísinda til rannsókna á afbrotum og samfélagslegum viðbrögðum. Í þessum áfanga er farið í sjónarhorn og viðfangsefni afbrotafræðinnar. Skoðaðar verða mismunandi tegundir afbrota og afleiðingar þeirra. Unnið verður með spurningar eins og: Hvað eru afbrot? Eru sum afbrot verri en önnur? Af hverju fremur fólk afbrot? Er ástæða til að herða refsingar við afbrotum. Umfjöllun um afbrot, afbrotamenn og refsingar endurspeгла siðferðishugmyndir og þjóðafélagsviðhorf. Því er lögð áhersla á að nemendur fjalli á gagnrýninn hátt um álitamál er tengjast frávíks og afbrotahegðun og viðbrögðum samfélagsins við þeim.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- samstöðu-, samskipta- og átakasjónarhornum afbrotafræðinnar
- helstu hugtökum afbrotafræðinnar, s.s. frávík, stimulun og félagslegt taumhald
- helstu tegundum frávíka og afbrota
- aðferðum sem samfélög beita og hafa beitt til að taka á afbrotum
- sérstöðu afbrotafræðinnar og skyldleika hennar við aðrar greinar félagsvísinda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla upplýsinga um frávík og afbrot og viðbrögðum samfélagsins, greina þær og setja í fræðilegt samhengi
- beita helstu hugtökum og kenningum afbrotafræðinnar
- greina mismunandi tegundir afbrota út frá ólíkum sjónarhornum
- nota fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta lagt mat á upplýsingar um frávík, afbrot og viðbrögð samfélagsins við afbrotum
- tengja umfjöllun fjölmiðla um afbrot við sjónarhorn afbrotafræðinnar (hugtök og kenningar)
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál er tengjast afbrotum og viðbrögðum samfélagsins við þeim
- vita hvað felst í fræðilegum vinnubrögðum, kunna að leita að heimildum, meta gæði þeirra og vísa rétt í þær.

Námsefni:

Helgi Gunnlaugsson. 2008. Afbrot á Íslandi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Greinar, bókakaflar, bíómyndir og myndbönd sem tengjast efnispáttum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1	5. janúar- 13. jan.	Kenningar og sjónarhorn afbrotafræðinnar.	Hlaðvarp.
2	15-20 janúar.	Kvikmyndaverkefni.	Glærur eða skriflegt.
3	22 jan- 2 feb.	Viðhorf til refsinga. Réttlát refsing.	Stutt ritgerð og krossapróf..
4	5 – 17 febrúar.	Dómar í kynferðisbrotum og vímuefnamálum.	Glærur.
5	19 feb – 2 mars.	Íslensk glæpasaga að eigin vali. Greina sjónarhorn afbrotafræðinnar.	Hópavinna – hlaðvarp eða stuttmynd.
6	4 mars – 16 mars.	Afbrot kynjanna – munur á afbrotum.	Skriflegt - krossapróf.
7	18 mars – 5 apríl.	Á að lögleiða fikniefni? Hver og hversvegna? Á að lögleiða vændi?	Hlaðvarp eða stuttmynd.
8	8 apríl – 19 apríl	Hvers vegna brýtur fólk af sér – helstu kenningar.	Frjáls val við skil, Hópavinna. Krossapróf.

9	19 apríl – 8 maí.	Skrapvika.	
---	-------------------	------------	--

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlustun	4-5 krossapróf á Innu	20%
Skáldsaga	Einstaklingsverkefni	20%
Verkleg færni	Verklag, sjálfstæði og fagmennska	15%
Kvikmyndaverkefni	Greina sjónarhorn afbrotafræðinnar í kvikmynd.	30%
Samvinna	Hópaverkefni – greina kenningar afbrotafræðinnar í glæpasögu	15%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms í samráði við kennara. Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mín samsvarar fjarvist nema kennari taki annað fram.

Námsefni er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Björgvin G. Sigurðsson Fsu 04.01.24.